



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNAEILD



### FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 15.10.2014

Kl.: 09:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnun og Sóttvarnalækni.

#### Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði
- Sviðsmyndir

#### Fundargerð

- Síðustu vikuna hefur gosið haldist óbreytt og með jöfnu hraunflæði.
- Um 130 jarðskjálftar hafa mælst við öskju Bárðarbungu síðasta sólarhringinn sem er aukning frá því sem verið hefur undanfarnar tvær vikur.
- Viðgerð á GPS stöðinni í miðju Bárðarbungu er lokið. Stöðin sýnir nú að sigið í öskjunni heldur áfram með svipuðum hraða og verið hefur, eða um 30-40 cm á dag. Sigið er mest í norð austur hluta öskjunnar. Rúmmál sigsins er metið 0,75 km<sup>3</sup>.
- 13 skjálftar stærri en M3,0 hafa mælst síðustu tvo sólarhringa, allir við öskju Bárðarbungu. Sá stærsti var M4,8 kl 18:51 á þriðjudag.
- Lítil skjálftavirkni mælist við norðurhluta gangsins.
- GPS mælingar sýna minniháttar hreyfingar. Ekki miklar breytingar.
- Engar breytingar sjást á vatnamælum sem ekki er hægt að skýra með veðurfarsbreytingum.
- Loftgæði:
  - Á mánudag og þriðjudag var vindur mjög hægur á landinu og varð vart við við gasmengun frá eldgosinu í flestum landshlutum. Í hægviðrinu er mögulegt að gasið safnist saman, þá einkum nærri eldstöðinni og nái háum styrk. Í dag (miðvikudag) er útlit fyrir hægt vaxandi austanátt. Það má gera ráð fyrir að eftir hádegi verði sú gasmengun sem er yfir landinu farin að berast til vesturs, ásamt því gasi sem gemur frá gosstöðvunum í dag. Austanvert landið ætti þá að vera að mestu laust við mengun þegar kemur fram á daginn. Víða annars staðar má búast við mengun og gætu loftgæði orðið slæm. Á morgun (fimmtudag) er búist við ákveðnari austlægrri átt og ætti að nást að blása því gasi burt sem setið hefur yfir landinu. Það gas sem gemur frá eldgosinu á fimmtudaginn berst til vesturs og norðvesturs og líklega mun verða vart við það í Skagafirði, við Húnaflóða, á Vestfjörðum, við Breiðafjörð og suður á Faxaflóa. Spána má sjá á [www.vedur.is/vedur/spar/textaspar/oskufok/](http://www.vedur.is/vedur/spar/textaspar/oskufok/). Einnig má sjá gagnvirkt kort af gasdreifingu á síðunni [www.vedur.is/vedur/spar/gasdreifing](http://www.vedur.is/vedur/spar/gasdreifing)
  - Á forsiðu vefs Veðurstofunnar er vefsvæði þar sem fólk er beðið um að skrá brennisteinsmengun sem það verður vart við, sjá [skrá mengun](#) í haus vefsins.



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



- Leiðbeiningar:
  - Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Fólk sem finnur fyrir óþægindum er hvatt til þess að hafa samband við sína heilsugæslustöð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is). Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni [www.loftgæði.is](http://www.loftgæði.is) Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.
  - Tilmæli og leiðbeiningar frá Sóttvarnalækni og Umhverfisstofnun má finna á heimasíðum stofnananna. [www.ust.is](http://www.ust.is) og [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)
  - Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvíldis á vefnum [www.vedur.is](http://www.vedur.is) en þær eru einnig lesnar með veðurfregnum. Leitast er við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.
  - Umhverfisstofnun er að skipuleggja dreifingu handmæla víða um land til að bæta upplýsingaöflun um dreifingu mengunarinnar.
  - Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið [gos@ust.is](mailto:gos@ust.is). Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur orðið vart við mikla mengun; hvar það var statt, tímasetningu, lýsingu á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingu á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).
- Þrír möguleikar eru áfram taldir líklegastir um framvindu:
  - Gosið í Holuhrauni fjarar út og öskjusig í Bárðarbungu hættir.
  - Stórt öskjusig í Bárðarbungu. Gos í Holuhrauni verður langvinnt eða vex. Mögulegt er að sprungan lengist til suðurs inn undir Dyngjujökul og valdi jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annars staðar undir jöklinum.
  - Stórt öskjusig í Bárðarbungu og gos í öskjubroti. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.

Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.
- **Frá Veðurstofu Íslands:** Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur fyrir Bárðarbungu.
- Vísindamannaráð almannavarna hefur ákveðið að fundir ráðsins verði haldnir mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Næsti fundur vísindamannaráðs verður föstudaginn 17. október.